

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1018  
komudagur 16.2.2007

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-12  
150 REYKJAVÍK

15. febrúar 2007  
Tilvísun: 2007020008

## Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög o.fl., 516. mál, 133. löggjafarþing 2006-2007, EES-reglur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 1. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp um breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting).


Með lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð.

Líkt og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. a í frumvarpinu, er kjarni fyrrgreindrar tilskipunar sá að reglur landslaga um innanlandssamruna gildi en sett eru viss sérákvæði. Einnig kemur fram að ef samruni fer fram milli hlutafélaga sem sérlög gilda um, t.d. lög um fjármálafyrirtæki, skuli hugað að sérákvæðum um samruna í slíkum lögum. Fjármálaeftirlitið telur í þessu sambandi rétt að benda á að þegar um samruna fjármálafyrirtækja er að ræða gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og um samruna váttryggingafélaga gilda ákvæði X. kafla laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi. Samruni fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga tekur ekki gildi fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur veitt samþykki sitt, sbr. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 og 3. mgr. 89. gr. laga nr. 60/1994.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Guðbjörg Bjarnadóttir